

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Námsáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku má nálgast á Innu. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Læsi til náms:

- Unnið að skapandi læsis-/ritunarverkefni með orðaforða sem unnið hefur verið með.
- Nemandi getur aflað sér upplýsinga og umorðað það sem lesið er.
- Kjörbók og að vinna með orðaforða í nýju samhengi.
- Lesa kjörbók og vinna samkvæmt fyrir mælum og að tjá sig skriflega um viðfangsefnin.
- Að þjálfra lesskilning.

Kennarar: Halla Thorlacius, halla@gardaskoli.is, Katrín Halldórsdóttir, katrinha@gardaskoli.is, Sigurður Stefán Haraldsson, sigurdur@gardaskoli.is.

Námsefni: Spotlight 9 les-og vinnubók, Write Right 2, myndbönd, kvikmyndir og ítrarefni frá kennara

Lota 1

Vika 34 -37 21.08-15.09

21.08 Skipulagsdagur **06.09 Námskynningar / 08.09 Dagur læsis** **18.09 Skipulagsdagur**

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
All You Need is Love	Spotlight 9, kafli 1	Verkefni úr Juno, sagnakönnun 1.
Málfræði	Lesbók: bls. 6-14. Quizlet: https://quizlet.com/47589935/spotlight-9-unit-1-flash-cards/	
Kvikmynd: Juno	Bls. 15-17 og 128-130 (óreglulegar sagnir).	
Lesskilningur	Vinnubók: bls. 6-13, 18-19 og 130-137 (þáliðin tíð). Þátíðir (einföld/samsett þt - ljósrit), Skólavefurinn, +myndbrot (the Joker) Write Right 2 bls. 30-35 núliðin/þáliðin tíð Lestur: Core skills+verkefni bls. 5-11	



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni

Nem. getur: lesið texta á ensku og skrifað/svarað spurningum um efni hans; fylgst með aðgengilegu efni í myndmiðlum og dregið ályktanir; unnið með viðfangsefni á skapandi hátt, einn eða með öðrum; unnið með lesinn orðaforða í nýju samhengi.

Lota 2

Vika 38 - 42 18.09-20.10

26.09 Evrópski tungumáladagurinn/ 02.-06.10 Forvarnavika Garðabæjar/ 17.10 Samráðsdagur heimilis og skóla/27.10 Skipulagsdagur 01-03.11 Gagn og gaman/

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Canada is Gigantic!	Spotlight 9, kafli 2	Vika 39 og 40: Þemaverkefni um Kanada. Unnið í tölvuveri og stuðst við ýmiskonar efni af netinu við handrita- og glærugerð.
Málfræði	Lesbók: Bls. 28-34. Quizlet: https://quizlet.com/50445301/spotlight-9-unit-2-flash-cards/	Sagnakönnun 2
Myndskeið: Fræðsluefni	Vinnubók: Bls. 28-33, 141-144 (atv.orð), 128-129 (afturb.fn.), 147-150 (forsetn.), 138-140 (þolmynd) og verkefni.	Próf úr kafla 1 og 2; kynning á þemaverkefni.
Lesskilningur	Write Right 2 bls. 1-10(forsetn) Annað: Fræðsluþáttur um Kanada, myndband um Niagara Falls Dare Devils. Core skills+verkefni: bls.12-18	

Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni

Nem. getur: lesið texta á ensku og skrifað/svarað spurningum um efni hans; fylgst með aðgengilegu efni í myndmiðlum og nýtt sér í verkefnavinnu; aflað sér upplýsinga og fjallað um efni þeirra; tjáð sig skipulega og hnökralaust um undirbúið efni. Nem. getur notað tíðir sagna og forsetningar rétt.

Lota 3

Vika 43 – 51 23.10-19.12

08.11 Baráttudagur gegn einelti /16.11 Dagur íslenskrar tungu/29.11 Skipulagsdagur/19.12 Jólábókaflóð / 20.12 Jólaskemmtun / 21.12 Jólaleyfi hefst

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Fantasy and Myth	Spotlight 9, kafli 3.	Munnleg og skrifleg verkefni úr kjörbók;
Málfræði	Lesbók: Bls. 42-48. Quizlet: https://quizlet.com/50238332/spotlight-9-unit-3-flash-cards/	Skrifa útdrátt(outline) úr Core Skills
Kvikmynd: Harry Potter	Bls. 49-58, 59-63	Make your own fantasy (para-hópvinna)
Kjörbók	Vinnubók: Bls. 48-52, 58-59, Vinnub. 123-125 (óreglul. ft. no.)	Skil á skriflegu kvikmynda-
Lesskilningur		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

	Write Right 2 bls. 16 (teljanl./óteljanl no) Core Skills+verkefni bls. 19-22	verkefni: Harry Potter;
--	---------------------------------------------------------------------------------	-------------------------

Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni

Nem getur: fylgt þræði í efni dægurmenningar, myndað sér skoðun og fært rök fyrir máli sínu á skipulegan og skýran hátt. Nem. getur: unnið með viðfangsefni á fjölbreytilegan og skapandi hátt, skrifað lipran og samfelldan texta og hagað orðum sínum í samræmi við ákv.form textagerðar(málsnið). Nem. getur flutt eigið efni á áheyrilegan hátt.

21.12-03.01 Jólaleyfi

Vika 1 – 4 01.01-26.01

01.-02.01 Jólaleyfi/10.01 Skipulagsdagur/23.01 Samráðsdagur heimilis og skóla

Viðfangsefni New York Lesskilningur Polmynd (ljósrit)	Námsefni Spotlight 9, kafli 4 Myndband+verkefni, Lesb. bls. 64-68, 69-71. Quizlet: https://quizlet.com/72903336/spotlight-9-ordalisti-unit-4-bls-64-68-flash-cards/ https://quizlet.com/72904530/spotlight-9-unit-4-bls-69-71-flash-cards/ Lesb. bls. 72-77. Vinnub. bls. 68-69, 70-71. 73-77 og 80 Core Skills+verkefni bls: 23-31 Write Right 2 bls. 18-29 (vocabulary)	Leiðsagnarmat og annað námsmat Búa til tímalínu Könnun úr köflum 3-4
-------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------

Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni

að geta fylgst með aðgengilegu efni í myndmiðlum, að hlusta/lesa, ígrunda og leysa verkefni tengd viðfangsefninu og þekkja reglur um polmynd og beita þeim rétt.



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

Vika 5 – 6 - 29.01-09.02

02.02 Dagur stærðfræðinnar

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Þemaverkefni: An American city	Ýmiskonar efni af netinu	Kynning á „An American city“
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni: Nem. getur skrifað samfelldan texta með fjölbreytilegum orðaforða, flutt undirbúna kynningu á skapandi og áheyrilegan hátt og beitt tungumálinu af öryggi		

Vika 7– 14 12.02-06.04

Vetrarfrí / 07.03-09.03 Samræmd próf 9b/ Vika 13 - 26.03-02.04 Páskaleyfi

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Different Perspectives	Spotlight 9, kafli 5.	
Málfræði	Lesb. bls. 79-84. Quizlet: https://quizlet.com/38939492/enska-spotlight-10-unit-5-flash-cards/	Verkefni úr kjörbók, munnlegt/skriflegt
Kjörbók		Verkefni úr Stand by Me
Kvikmynd	Vinnub. bls. 84-89 og 92-93 Core Skills+ verkefni bls. 34-40 Myndskeið: Martin Luther King Jr og Daniel Tammet Kjörbók Write Right 2 bls. 37-47 (skilyrðissetningar) Stand by Me + verkefni Samsett/einföld þt. (ljósrit) Core Skills+verkefni bls. 41-54	
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Nem. getur: lesið kjörbók ætlaða nem. í ensku námi, þekkt reglur um skilyrðissetn. beitt þeim rétt; fylgst með aðgengilegu efni í dægurmenningu og áttað sig á bakgrunni og tengslum aðalpersónanna; unnið með tungumálið á skapandi og áheyrilegan hátt; greint megin hugmyndir (topic sentences) í texta.		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

Vika 15 – 17 09.04-27.04

02.04 Annar í páskum / 19.04 Sumardagurinn fyrsti

Viðfangsefni Pema: Remarkable people	Námsefni Ýmislegt efni af netinu um merkar persónur úr mannkynssögunni	Leiðsagnarmat og annað námsmat Kynning á þemaverkefni
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Nem. getur skrifað lipran texta, beitt tungumálinu rétt og flutt mál sitt á áheyrilegan og skapandi hátt.		

Vika 18 30.04-04.05

23.-27.04 Listadagar/ 01.05 Verkalýðsd.

Viðfangsefni Kvikmynd	Námsefni Slumdog Millionaire + verkefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat Verkefni úr Slumdog Millionaire
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Nem. getur fylgst með og skilið aðgengilegt efni í dægurmenningu og unnið úr í verkefnavinnu.		

Vika 19-20 07.05-18.05

10.05 Uppstigningard. / 11.05 Skipulagsdagur

Viðfangsefni Class magazine	Námsefni Efni af netinu og eigin textar	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Nem. getur skipulagt vinnu sína, skrifað eigin texta á skipulagðan og skapandi hátt og sýnt fram á fjölbreyttan orðaforða og góð tök á grunnþáttum tungumálsins.		

Vika 21 - 21.05-25.05 Annar í hvítasunnu og prófadagar

Vika 22- 28.05-01.06

28.05 Prófadagur

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		

Vika 23 - 04.06-08.06

08.06 Skólaslit

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

Samantekt á hæfniviðmiðum:

Viðmið í lykilhæfni og hæfni í námsgreininni: „Við lok skólaárs getur nemandi...“

- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og nýtt sér þá í námi
- sett sér markmið og unnið eftir þeim
- tjáð hugsanir sínar og hugmyndir á skipulagðan hátt með ýmsum miðlum
- notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda
- unnið sjálfstætt og með öðrum
- Gert sér grein fyrir styrkleikum í námi og framförum
- Sett sér markmið og unnið eftir þeim
- Tjáð hugsanir sínar og hugmyndir á skipulagðan hátt með ýmsum miðlum
- Unnið rétt úr heimildum í samræmi við viðteknar venjur
- Unnið sjálfstætt og með öðru

Matsviðmið

A

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

*skilur mjög vel og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni

*hefur tileinkað sér **mjög fjölbreyttan** orðaforða

*getur **fyrirhafnarlítið** lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.

*er **mjög vel** samræðuhæfur, beitir **eðlilegu** máli, framburði, áherslum og hrynjandi af öryggi.

*notar **markvisst** algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig lipurlega og áheyrilega um málefni sem hann þekkir.

*getur skrifað **skýran og skilmerkilegan** samfelldan texta um efni sem hann þekkir.

*getur **fylgt af öryggi** reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og heimildanotkun.

*getur hagnýtt sér **markvisst** þann orðaforða sem unnið hefur verið með.

*getur **leikið sér** með tungumálið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

B+

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **mjög vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni.
- *hefur tileinkað sér **góðan** orðaforða.
- *getur **fyrirhafnarlítið** lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
- *er **vel** samræðuhæfur, beitir **eðlilegu** máli, framburði, áherslum og hrynjandi.
- *Notar algeng föst orðasamband úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir.
- *getur skrifað skrifað samfelldan texta af **nokkru öryggi** og fylgt helstu reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu texta og heimildanotkun.

B

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
- *hefur **nægilega góðan** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
- *sé **vel** samræðuhæfur, beiti eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi.
- *notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir.
- *skrifað **lipran**, samfelldan texta um efni sem hann þekkir og sýnt fram á **góð** tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, **fylgt** hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.

C+

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

- *skilur **vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.
- * hefur **nægilega góðan** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.
- *er **sæmilega** samræðuhæfur og beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á **viðunandi** hátt.



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í ENSKU, 9. BEKKUR

* notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig **nokkuð áheyrilega** um málefni sem hann þekkir

*getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og fylgt **grunnreglum** um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta.

*getur **hagnýtt** sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með.

C

Nemandi getur sýnt fram á að hann:

*skilur **sæmilega vel** og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir.

*hefur tileinkað sér **viðunandi** orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju með **nokkurri fyrirhöfn** þó, almenna texta af ýmsum toga og um margvísleg málefni.

*er **sæmilega** samræðuhæfur og beitir reglum málsins, framburði, áherslum og hrynjandi á **viðunandi** hátt.

*kann að nota algengustu föstu orðasamböndin úr daglegu máli.

*getur tjáð sig **sæmilega** um málefni sem hann þekkir.

*getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir og fylgt **grunnreglum** um málnotkun og helstu hefðum varðandi uppbyggingu texta.

*hagnýtt sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með.

